



INNFLUTNINGUR FERÐAMANNA Á HRÁU KJÖTI, AF HVERJU ER HANN BANNADUR?

Yfirdýralæknir hefur með höndum yfirumsjón og eftirlit með inn- og útflutningi lifandi dýra, erfðæfnis og búfjárafurða og fylgist með hollustu dýrafóðurs, skv. [lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu um dýr](#).

Dýrasjúkdómar og öruggar afurðir

Meginmarkmið embættis yfirdýralæknis er að tryggja öryggi neytenda bæði hvað varðar innlendir og innfluttar afurðir. Varnir gegn útbreiðslu búfjársjúkdóma innanlands og útrýming þeirra er eitt af viðamestu verkefnum embættis yfirdýralæknis. Sama gildir um varnir gegn því að nýir búfjársjúkdómar berist til landsins.

Tíðar utanlandsferðir Íslendinga, stórauðinn ferðamannastraumur til landsins og faraldrar stórhættulegra smitsjúkdóma s.s. gin- og kaupaveiki og nú síðast fuglainfúensu, valda því að settar hafa verið strangar reglur um þá sem koma til landsins erlendis frá og munu komast í snertingu við íslenskan landbúnað, og ekki síður hvað þeir mega taka með sér af matvælum hingað til lands.

Sérstaða Íslands með tilliti til dýrasjúkdóma er einstæð í heiminum og hana ber að varðveita með öllum tiltækum ráðum. Íslenskur landbúnaður á allt undir því að það takist að halda íslenskum búfænaði jafn heilbrigðum í framtíðinni eins og hann er í dag. Íslenskir neytendur eiga skýlausa kröfu á því að ávallt verði gætt ítrustu varúðarreglna við innflutning og öryggi íslenskra matvæla og dýra sé gætt, og að neytandinn njóti ávallt vafans.

Helstu sjúkdómar sem verið er að verjast

Þeir sjúkdómar sem um ræðir eru allir svokallaðir A- og B-sjúkdómar (alls 108 sjúkdómar) eins og þeir eru skilgreindir af [Alþjóðadýraheilbrigðismálastofnuninni](#) (OIE) auk allra smitsjúkdóma í hrossum, en þeir þekkjast ekki hér á landi.

Á Íslandi finnast einungis 2 B sjúkdómar; [riða í sauðfé og garnaveiki í sauðfé og nautgripum](#). Ekki hefur fundist A- sjúkdómur hér á landi síðan 1954 (blöðruþrot í svínunum), þ.e.a.s enginn A- sjúkdómur hefur fundist / greinst á Íslandi í 51 ár !!

Þetta er nánast einstakt í heiminum og er staða sem embætti yfirdýralæknis er falið að standa vörð um og verja með öllum tiltækum ráðum.

Auk þessa eru síðan sjúkdómar sem eru hættulegir bæði dýrum og mönnum s.s. sýkingar með *Salmonella*, *Campylobacter* og *E. coli*, sem kosta nágrannalönd okkar milljarða árlega.

Tilkynningar- og skráningarskyldir dýrasjúkdómar á Íslandi eru skilgreindir í viðaukum við [lög nr. 25/1993](#) um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Viðauki 1A eru svokallaðir A-sjúkdómar, viðauki 1B svokallaðir B-sjúkdómar og viðauki 2 er listi yfir C-sjúkdóma.

Þessi flokkun byggir að hluta til á flokkun OIE yfir dýrasjúkdóma þar sem sjúkdómarnir eru flokkaðir eftir því hve alvarlegir þeir eru og til hvaða aðgerða skal gripið komi upp grunur um smitsjúkdóm í dýrum:

A- sjúkdómar eru alvarlegir smitandi dýrasjúkdómar sem ekki finnast á Íslandi og komi slíkur sjúkdómur upp skal honum útrýmt svo fljótt sem auðið er. Sem dæmi um A sjúkdóm má nefna gin- og klaufaveiki og fuglainfúensu.

B- sjúkdómar eru tilkynningarskyldir smitandi dýrasjúkdómar og einungis 2 þeirra finnast á Íslandi en það eru riða í sauðfé og garnaveiki í sauðfé og nautgripum, eins og áður er getið. Viðbrögð við B sjúkdómum eru mismunandi, t.d. niðurskurður eða lögbundin bólusetning.

C-sjúkdómar eru smitandi dýrasjúkdómar og sumir þeirra landlægir á Íslandi. Þeir eru skráningarskyldir. Dæmi um C- sjúkdóma eru Hvanneyrarveiki, hnislasótt og kattafár.



Af hverju eru allar þessar reglur, boð og bönn um innflutning?

Tíðar utanlandsferðir Íslendinga, og stórauðinn ferðamannastraumur til landsins auka stórlega hættuna á að faraldrar hættulegra smitsjúkdóma í dýrum geti borist hingað til lands. Gin- og kaupaveikin í Bretlandi fyrir 2-3 árum er skýrt og hræðilegt dæmi um afleiðingar þess að ferðamenn flytja með sér, frá fjarlægum löndum hrá matvæli sem sýkt eru af veirum sem ekki þekkjast í okkar heimshluta. Ekki þarf að fara mörgum orðum um afleiðingar þess ef slíkir sjúkdómar bærust í íslenskan búfénað.

Ábyrgð hvers ferðamanns er mikil þegar haft er í huga þær hörmungar sem af því hljóttast ef sjúkdómar af þessum toga bærust hingað til lands. Nægir í því sambandi að minna á myndir af stórbrennum á dýrahraejum frá Bretlandi í gin- og klaufaveikifaraldrinum 2001. Við þurfum ekki að fara lengra en til Danmerkur haustið 2002 til að sjá afleiðingar A-sjúkdóms í alifuglum, þegar farga varð hundruðum þúsunda fugla vegna Newcastle Disease. Barist er við svínapest í 4 löndum ESB, sjúkdóm sem auðveldlega berst með hráu kjöti. Hafa verður í huga að einungis tekur nokkrar klukkustundir að ferðast heimsálfa á milli og því er raunveruleg hættu á að ferðamaður geti borið með sér smit um langan veg og inn í íslenska búfjárhjörð.

Íslendingar á ferðalögum erlendis eru ekki undanþegnir því að sýna varkárni og hlíta íslenskum lögum varðandi smitvarnir þegar heim er komið. Öll berum við sameiginlega ábyrgð gagnvart íslenskum dýrum og ekki síður okkur sjálfum því sumir þessara sjúkdóma geta borist í menn.

Embætti yfirdýralæknis fær hundruði fyrirspurna á ári hverju um það hvað má og hvað ekki varðandi innflutning á matvælum.

Þær helstu eru eftirfarandi:

Má hafa kjöt með til Íslands?

Ferðamönnum er óheimilt er með öllu að flytja hrátt kjöt til Íslands. Einungis er heimilt að flytja hrátt kjöt til landsins þegar öllum tilskildum vottorðum skv. 4. og 5. gr. reglugerðar nr. 509/2005 hefur verið framvísað við embætti yfirdýralæknis til umsagnar og landbúnaðarráðuneytið hefur gefið formlegt innflutningsleyfi.

Allt að 3 kíló af **soðnu kjöti** má hafa meðferðis. Sanna þarf að kjötið sé soðið. Það verður á koma greinilega fram á umbúðum að varan sé soðin, að öðrum kosti er hún álitin ólögleg, verður gerð upptæk af tollgæslu og henni eytt. Öyggjandi merking um suðu getur verið "semicooked", "cooked", "fully cooked" þegar um kjötvörur er að ræða. Niðursoðið kjöt telst vera soðið og er því löglegt. Ekki er nægjanlegt að vara sé t.d. söltuð eða reykt.

Má hafa osta með til Íslands?

Já allt að 3 kíló (skv. tollalögum), ef þeir eru sannanlega gerilsneyddir. Sönnunarbyrðin er hjá ferðamanninum. Það verður á standa skýrt á umbúðum að osturinn sé unninn úr gerilsneyddri mjólk, að öðrum kosti er hann talinn ólöglegur, verður gerður upptækur af tollgæslu og eytt.

Má flytja lifandi dýr til Íslands?

Óheimilt er með öllu að flytja með sér lifandi dýr til Íslands. Landbúnaðarráðherra er þó heimilt, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis, að veita undanþágu frá þessum ákvæðum, enda sé stranglega fylgt þeim fyrirmælum sem um slíkan innflutning eru sett.



EMBÆTTI YFIRDÝRALÆKNIS



Nánari upplýsingar um innflutning dýra er að finna á heimasíðu embættisins: www.yfirdyralaeknir.is.

Má tollgæslan taka kjöt og osta af mér?

Komi ekki fram með óbyggjandi hætti á umbúðum vörunnar að hún sé soðin eða gerilsneydd, sé um mjólkurafurðir að ræða, skal Tollgæslan skv. fyrirmælum yfirdýralæknis, gera vöruna upptæka og eyða henni. Frá þessu eru ekki neinar undantekningar né undanþágur veittar!

Þarf vottorð með íslensku kjöti til útlanda?

Já. Embætti yfirdýralæknis hefur útbúið límmiða sem setja þarf á hverja einstaka einingu, þ.e.a.s. hvert stykki sem tekið er með sér af kjöti og laxi. Sé um stærri sendingar að ræða, eða mörg stykki, eru gefin út sérstök vottorð af embættinu. Íslendingum er heimilt að taka með sér allt að 5 kg af lambakjöti til aðildarlanda ESB án vottorðs.

Reykjavík 7. júní 2005.

Gísli Sv. Halldórsson
Dýralæknir inn- og útflutningseftirlits